



Ársskýrsla Æskulýðsstarfs Hestamannafélagsins Laga
2016-2017



Æskulýðsnefnd Loga

Þórey Helgadóttir

Líney S. Kristinsdóttir

Guðrún Erna Þórisdóttir

Kristín Sigríður Magnúsdóttir

Æskulýðsstarf Loga var með nokkuð hefðbundnu sniði þetta árið en samstarf við nágrannafélag okkar, hestamannafélagið Smára er alltaf að aukast. Það er mikill styrkur fyrir félög úti á landi að vinna saman því það er oft þannig að árgangar eru misstórir. Að vanda byrjuðum við starfsemi okkar með uppskeruhátíð þar sem farið var yfir líðandi ár og starfsemi vetrarins kynnt.



Í nóvember buðum við uppá hnakkapríf í Fellskoti sem er ætlað yngri félögum og einnig fórum við í ferð ásamt Smárafélögum að heimsækja hrossaræktarbú og dýralækni.

Uppsveitadeild æskunnar er komin til að vera í Flúðahöllinni og stóðu æskulýðsnefndir Loga og Smára að mótaröðinni að vanda.

Önnur mót sem má nefna eru vetrarmót í samstarfi við Trausta, firmakeppni Loga í júní og gæðingamót Loga og Smára.

Mörg reiðnámskeið voru í boði hjá okkur þetta árið. Tvenn sameiginleg reiðnámskeið með Smára á Flúðum, Hestheimanámskeið ásamt Smára og okkar árlega reiðnámskeið í Hrísholti.

Uppskeruhátíðin

Uppskeruhátíð æskulýðsnefndarinnar var haldin 13. október 2016. Þar komu krakkar saman ásamt foreldrum, við fórum yfir hvað var gert á árinu og dagskrá komandi starfsárs var kynnt. Í lokin gæddum við okkur á veitingum, spjölluðum og áttum góða kvöldstund.

Rósa Birna Þorvaldsdóttir kom til okkar og spjallaði við krakkana um mikilvægi þess að setja sér markmið og hvað þarf að hafa í huga til að ná þeim.



Vettvangsferð

Undanfarin ár höfum við aldursskipt hópnum okkar, yngri hópur hefur farið í hnakkapríf eða heimsókn í Hrosshaga og eldri hópurinn í vettvangsferð á hrossaræktarbú. Þetta árið fórum við aftur í ferð með Smáramönnum og var öllum boðið að fara með en hvöttum við foreldra að fara með yngstu börnunum þar sem svona ferðir eru skemmtileg samverustund.



Að þessu sinni fórum við í heimsókn í Fákshóla og skoðuðum glæsilega aðstöðu og glæsilega hesta. Sáum Herkúles frá Ragnheiðarstöðum hlaupa í reiðhöllinni, fengum góðar veitingar og skemmtum okkur vel.

Næsta stopp var hjá Guðmari dýralækni í Sandhólaferju. Þar skoðuðum við hross sem voru slösuð eða veik og hann sagði okkur frá starfseminni hjá honum. Einnig

sýndi hann okkur hvar hann gerir aðgerðir á hrossum, krakkarnir fengu öll að setjast á bekk sem getur lyft stórrí skepnu. Einnig skoðuðum við allskonar áhöld sem hann þarf að notast við í aðgerðum og svo sagði hann okkur fullt um frjósemi hesta og hvernig hann kannar það.



Hnakkapríf

Við fengum aðstöðu í Fells koti til að hafa hnakkapríf með börnunum eins og svo oft áður. Í Fells koti er frábær aðstaða til að vera með hóp af börnum í reiðtygjaþrífum. Hefð hefur verið að hittast seinni part á föstudögum. Þetta er góð stund fyrir börn og unglinga að hittast, þrifa sín reiðtygi, hlaupa, leika, spjalla, borða pizzu og leika svolítið meira.

Reiðnámskeið

Námskeið í samstarfi við æskulýðsnefnd Smára

Reiðnámskeið var haldið fyrir börn og unglinga í feb – apríl í samstarfi við Hestamannafélagið Smára. Námskeiðið var 6 skipti og voru þáttakendur á aldrinum 6 – 13 ára, knöpum var skipt í nokkra 4 – 6 manna hópa eftir aldri og getu. Megin markmið námskeiðsins var þjálfun knapa og hrossa með keppni í huga og var það keyrt samhliða Uppsveitadeild æskunnar. Námskeiðið gekk í alla staði vel og var almenn ánægja með það. Kennari var Rósa Birna Þorvaldsdóttir.

Einnig var haldið námskeið í Vorsabæ þar sem boðið var uppá hesta og allan búnað með. Börnin fengu að prófa mismunandi hesta og námskeiðið þótti gefa gott tækifæri fyrir fjölskyldur sem hafa ekki aðgang að hestum. Leiðbeinandi var Elin Moqvist.



Hrísholtsnámskeið

Dagana 19.-23. júní var okkar árlega reiðnámskeið haldið á félagssvæðinu okkar í Hrísholti. Skráning var góð eða 22 börn og unglingar skráð til leiks. Klara Sveinbjörnsdóttir var fengin til að sjá um reiðnámskeiðið, hún stefnir á að útskrifast frá Hólum næsta vor. Hún náði mjög vel til krakkanna og voru allir rosalega ánægðir eftir námskeiðið.

Aðstaðan í Hrísholti er góð til námskeiðahalds. Gott kennslugerði, hringvöllur og hólf til að geyma hesta til lengri tíma. Þá þarf ekki að keyra þá fram og til baka á degi hverjum og ekki skemmdi það fyrir hvað við fengum gott veður.

Mótin á árinu

Uppsveitadeild æskunnar

Uppsveitadeild æskunnar var haldin í sjöunda sinn, en þetta er mótaröð sem æskulýðsnefndir hestamannafélaganna Loga og Smára standa sameiginlega að. Uppsveitadeildin er bæði liðakeppni milli félaganna og einstaklingskeppni, en keppt er í barna og unglingaflokki. Keppt er í reiðhöllinni á Flúðum og eru mótin alls þrjú talsins.



Nýjung þetta árið var að hafa fimi sem keppnisgrein sem sló svo sannarlega í gegn hjá öllum, keppendum, áhorfendum og dómurum. Að þessu sinni var tekin ákvörðun um að börn og unglingar myndu ríða sama prógrammið þar sem þetta var ákveðið með litlum fyrirvara. Reiðleiðin var lesin upp fyrir börnin en þau voru hver með sitt skipulag á hreinu. Þarna fengum við krakka í keppni sem alla jafna taka ekki þátt í hringvallargreinum en stóðu sig eins og hetjur með þjála og vel þjálfaða hesta og glæsilega reiðmennsku. Þessi grein er klárlega komin til að vera.

Í fyrra byrjuðum við að bjóða upp á pollaflokk en þó nokkur aukning var á fjölda í pollaflokki þetta árið. Þar fengu börnin sína einkunn og umsögn en riðu ekki úrslit og

söfnuðu ekki stigum enda hugsað sem góð æfing í öruggu umhverfi. Öll börn fengu verðlaunapening með þakklæti fyrir þátttökuna.

Við höfum verið svo heppin að Sigurbjörn Viktorsson dómari hefur verið með okkur flest þessi ár og séð um að manna dómara. Þeir dómara sem hafa komið til okkar eru allir sammála um að þessi mót séu mjög skemmtileg og börnin hafa mikinn metnað, hrossin snyrtileg og gleði og stolt skíni úr hverju andliti. Einnig eru þeir boðnir og búnir til að leiðbeina krökkunum og hvetja þá til dáða.

Okkur finnst það mjög mikilvægt að vera með góða dómara sem leggja líka svo mikinn metnað í þetta starf okkar!

Fyrsta mótið var haldið 25. febrúar og þá var keppt í þrígangi barna og fjórgangi unglinga og fimi.



Annað mótið var haldið 18. mars, þá var keppt í barnaflokki í tölti T7 og fjórgangi og unglingaflokki í tölti T3 og fimmgangi.

Þriðja og síðasta mótið var haldið 8. apríl og var þá keppt í smala hjá börnum og smala og fljúgandi skeiði hjá unglingum.

Þátttaka er alltaf góð þrátt fyrir að árgangar séu misstórir og eru knaparnir allir efnilegir. Þetta árið var mun meira af börnum og pollum en undanfarin ár.

Vetrarmót

Vetrarmótin eru þrjú samtals sem haldin eru í febrúar, mars og apríl. Vetrarmótin eru fyrstu mótin á árinu hjá börnum og unglingum og er mikil tilhlökkun fyrir þessum mótum.

Undanfarið hafa mótin verið haldin á félagssvæði okkar en þetta árið var ákveðið að breyta aðeins til og reyna að fá fleiri áhorfendur til að koma. Fyrstu 2 mótin voru haldin í glæsilegri aðstöðu á Friðheimum og síðasta mótið var á Kjóstöðum.

Firmakeppni

Firmakeppnin okkar er haldin ár hvert laugardaginn eftir reiðnámskeið í Hrísholti, að



þessu sinni 24. Júní. Mjög góð þátttaka var á mótinu og helst það yfirleitt í hendur við skráningu á námskeiðið. Þar sem hrossin eru geymd á staðnum er þetta yfirleitt lokahnykkurinn á námskeiðinu. Reynt er að hafa marga flokka (pollaflokk teymt undir, pollaflokkur, barnaflokkur 10-11 ára, krakkaflokkur 12-13 ára, unglingaflokkur 14-17 og svo ungmennaflokkur) þá geta allir krakkar fundið flokk við sitt hæfi.

Veðrið var gott og gleðin skein úr hverju andliti. Að venju bauð hestamannafélagið upp á pylsur og djús í lok mótsins.

Gæðingamót

Gæðingamótið okkar haldið með Smáramönnum á Flúðum. Mótið var opið og tókst það mjög vel. Ekkert barn var skráð til leiks en við áttum bæði unglinga og ungmenni þar.

Brokk og skokk

Logakrökkum stóð til boða að taka þátt í skemmtilegri keppni er nefnist brokk og skokk. Enginn þátttakandi fór þó frá okkur að þessu sinni en vonandi náum við að smala góðum hópi yfir í Gnúpverjahreppinn að ári.

Önnur mót

Margir unglingar og ungmenni eru dugleg að sækja önnur mót t.d. World Ranking mót hjá Sleipni, Reykjavíkurmeistaramót, Íslandsmót, Suðurlandsmót o.fl.